

2015



STEFNUMÓTUN 2015-2025



Formáli

Á haustdögum 2015 ákvað aðalstjórn Gróttu að tími væri kominn á að endurnýja stefnumörkun félagsins. Mikilvægt er að íþróttafélagið Gróttu hafi skýra stefnu svo að allir þeir sem starfa innan félagsins stefni í sömu átt með það að markmiði að efla starf Gróttu.

Í kjölfar ákvörðunar aðalstjórnar var boðað til stefnumótunarþings sem var vel sótt af velunnurum Gróttu. Þar fóru fram góðar umræður og í kjölfarið vann aðalstjórn með þær hugmyndir sem fram komu á fundinum og gekk að lokum formlega frá stefnumótun félagsins sem gildir til ársins 2025.



Hlutverk og framtíðarsýn Gróttu

Íþróttafélagið Gróttu veitir framúrskarandi þjónustu við íþróttaiðkendum með aðaláherslu á fimleika, handknattleik, knattspyrnu og kraftlyftingar, í samræmi við aldur og þroska iðkenda. Undirstaðan er íþrótt- og uppeldisstarf með börnum og unglingum til að stuðla að heilbrigðu lífni og félagsþroska. Félagið leggur áherslu á almenna íþróttaiðkun sem og afreksíðkun á faglegum grunni. Gróttu styður jafnframt við fjölbreytta hreyfingu almennings á öllum aldri.

Þjónustumarkmið

Markmið

Markmiðið er að minnsta kosti 80% barna í 1.-10. bekk í Grunnskóla Seltjarnarness séu þátttakendur í íþróttastarfi Gróttu.

Leiðir

- Öflugt kynningarstarf á starfi félagsins, til dæmis meðal:
 - 5 ára leikskólabarna í sérstöku samstarfsverkefni.
 - Grunnskólabarna á haustin og á vorin.
- Gróttu hafi frumkvæði að samstarfi við Grunnskóla Seltjarnarness að valáföngum og/eda æfingatímum inni í skólatíma grunnskólabarna.
- Gróttu komi á fót íþróttaskóla fyrir iðkendum frá fjögurra ára aldri þvert á deildir.
- Gróttu leggi áherslu á félagslega þáttinn í starfi allra flokka.

Markmið

Markmiðið er að minnka brottfall barna og unglunga úr starfi Gróttu.

Leiðir

- Gróttu leggi áherslu á félagslega þáttinn í starfi allra flokka utan hefðbundinna æfingatíma.
- Þjálfarar leggi áherslu á að æfingar séu skemmtilegar.
- Lögð sé áhersla á að greina ástæður brottfalls og leita leiða til úrbóta sé þess þörf.
- Gróttu bjóði upp á þátttökustefnu fyrir þá sem ekki kjósa afreksstefnu.

- Gróttu leggi áherslu á öflugt og virkt foreldrasamstarf innan félagsins.
- Lögð sé áhersla á samræmda æfingatíma og samvinnu þjálfara á milli deilda varðandi æfinga- og leiktíma til að gæta að hæfilegu æfingaálagi.

Markmið

Markmiðið er að Gróttu leitist við að hafa gæði og fagmennsku í fyrirrúmi í öllu starfi sínu.

Leiðir

- Gróttu leggi metnað sinn í að ráða til sín góða og vel menntaða þjálfara.
- Menntun þjálfara sé í samræmi við þær kröfur sem viðkomandi sérsamband gerir.
- Þjálfarar séu styrktir til náms og endurmenntunar.
- Gróttu bjóði þjálfurum, iðkendum, foreldrum, stjórnarmönnum og starfsfólki reglulega upp á námskeið eða fræðslu sem stuðlar að því að auka þekkingu á atriðum tengdum íþróttaiðkun.
- Gróttu samræmi starf deilda til að hámarka þjónustu og árangur.
- Gróttu útbúi opinbera íþróttanámskrá fyrir allar deildir félagsins og að að tryggt verði að starfað sé eftir henni.
- Lögð sé áhersla á að hafa virkt innra og ytra mat á starfi félagsins.
- Gróttu veiti sérstök hvatningarverðlaun til einstaklinga og/eda deilda félagsins fyrir öflugt og metnaðarfullt starf, jákvæðar uppeldisáherslur og nýsköpun og nýbreytni.
- Gróttu setji sér stefnu fyrir afreksflokka félagsins.



Aðstöðumarkmið

Markmið

Markmiðið er að aðstaða til íþróttaiðkunar hjá Gróttu verði í fremsta flokki.

Leiðir

- Lögð sé áhersla á að farið verði í endurbætur og stækkun íþróttamannvirkja nú þegar.
- Stofnaður verði stýrihópur með aðilum allra deilda sem þrýstir á bæjaryfirvöld um stækkun og endurbætur íþróttamannvirkja.
- Lögð sé áhersla á að teikningar að nýjum mannvirkjum, sem unnið verður eftir, séu í samræmi við þarfir félagsins.
- Aðstaða til styrktarþjálfunar verði bætt.
- Gróttu taki yfir rekstur íþróttamannvirkja með þjónustusamningi við Seltjarnarnesbæ.
- Lögð verði áhersla á að stúkan á gervigrasvelli verði yfirbyggð.
- Lögð verði áhersla á að áhorfendabekkjum í stóra sal verði skipt út.



Markmið

Markmiðið er að þjónusta við félagsmenn sé ávallt fyrsta flokks.

Leiðir

- Gróttuverslun verði flutt í anddyri íþróttahússins.
- Lögð sé áhersla á að nýting rýma í íþróttamannvirkjum verði með sem bestum hætti (klefar, afgreiðsla, Gróttuverslun, fundaraðstaða og æfinga- og keppnissvæði o.s.frv.).
- Þjálfarar hvetji iðkendur til að ganga vel um íþróttaaðstöðuna í hvívetna.
- Gróttu geri auknar kröfur til hreinlætis í íþróttamannvirkjum sem félagsmenn nýta.
- Starfslýsing sé til fyrir framkvæmdastjóra, íþróttastjóra, yfirþjálfara deilda og þjálfara félagsins.

Rekstrarleg markmið

Markmið

Markmiðið er að rekstur félagsins byggji á traustum fjárhagslegum grunni svo stöðugt megi bæta þá þjónustu og aðstöðu sem félagið veitir.

Leiðir

- Þjónustusamningur við Seltjarnarnesbæ endurskoðaður reglulega.
- Leitað verði leiða til að fá öfluga styrktaraðila fyrir félagið í heild.
- Fjárhagsáætlanir allra deilda liggi fyrir í október.
- Bókhald sé fært reglulega þannig að hægt sé að fylgjast með stöðu frá mánuði til mánaðar og grípa til aðgerða ef ekki er farið eftir fjárhagsáætlunum.
- Aðalstjórn yfirfari fjárhagsstöðu deilda ársfjórðungslega.

Markmið

Markmiðið er að standa að kynningarmálum Gróttu með þeim hætti að þátttaka í starfi félagsins sé sem víðtækust og stuðningur við daglegan rekstur sem öflugastur.

Leiðir

- Gerð verði kynningaráætlun fyrir félagið í heild.
- Öll útgáfa, tilkynningar, fjáröflunarstarf, samkomur eða annað sem gert er í nafni félagsins skal vera með þeim hætti að Gróttu sé sómi af.
- Félagið haldi úti öflugri og virkri heimasíðu.
- Lögð sé sérstök áhersla á að nota nútíma miðla við upplýsingagjöf.

